

Rannveig Traustadóttir

12. mars 2005

Viðtal tekið fyrir verkefnið Svona fólk

Spyrill: Hrafnhildur Gunnarsdóttir, Þorvaldur Kristinsson

Upptaka: Hrafnhildur Gunnarsdóttir

DVCAM 168, 169, 170

© Krumma films ehf.

Hinseginfræði eru þau fræði sem beinast að lífi samkynhneigðra og þau eiga mjög margt sammerkt með öðrum fræðum sem eru minnihlutahópafræði. Til dæmis eiga þau margt sameiginlegt með kvenna- og kynjafræðum og með fötlunarfræðum og með fræðum sem að erlendis eru kölluð, svona ýmis þjóðernishópafræði eins og African American Studies og Indian Studies og fleiri slík fræði. Undanfarin, svona, síðan svona upp úr 1960 hafa þessi fræði verið að spretta upp og það sem einkennir þau öll er það að þau vilja vera frelsandi fyrir þann hóp sem fræðin snúast að. Og þau eru andóf að mörgu leyti gegn þessu hefðbundna fræðastarfi, sem presenterar sig, eða sem í skjóli hlutleysisins útskúfar ákveðnu efni og ákveðið fólk og er fordómafull. En birta sig alltaf sem hlutlaus. Og í skjóli þess hafa hin hefðbundnu fræði mjög oft aukið á niðurlægingu og fordóma ýmissa hópa. Eins og það að birta samkynhneigða sem geðveika eða sem kynferðisglæpamenn eða sem fólk sem er eitthvað gallað eða eitthvað bilað og þurfi bara að laga eitthvað til af því að þau séu með afbrigðilegar kynhneigðir, eitthvað slíkt. Þannig hafa hin hefðbundnu fræði presenterað samkynhneigða. Það á að, það sama á við um fatlaða. Hefðbundið fræðastarf hefur mjög aukið á niðurlægingu og erfiðleika fatlaðs fólks með því að birta þau sem eilíf börn, sem sjúklinga, sem hjálparvana vesalinga, fötlunina sem hræðilegan, persónulegan harmleik og svo framvegis. Þannig að þessi fræði vilja, eða það er verið að andæfa þessu hvernig þessi fræði, hefðbundnu fræði, hafa birt minnihlutahópa. Og í staðinn að þá er fræðunum ætlað að vera frelsandi fyrir þá hópa og birta hina réttu mynd af lífi og aðstæðum þeirra og að setja fram fræði sem að andæfir fordómum og mismunun og niðurlægingu og útskúfun.

Mín fyrstu afskipti af samkynhneigðum, þegar ég kom til Íslands, af Samtökunum '78, þegar ég kom heim þá fór ég að kenna námskeið, ég var beðin um að kenna námskeið í félagsfræði sem að hét Félagsleg vandamál og ég, það sem ég gerði var það að fjalla um ýmsa hópa, jaðarhópa, í íslensku samfélagi og gerði það í samstarfi við þessa hópa. Og þá leitaði ég fyrst til Samtakanna um samstarf, í sambandi við verkefni nemenda því að ég vildi að nemendur kynntust fólki úr þessum hópum og hefðu viðtöl við þau og settu sig í þeirra spor og þá var mikilvægt að hafa samstarf við þessa ýmsu hópa og þar á meðal voru Samtökin '78. Þetta var upphafið að mínu samstarfi sem að hefur staðið yfir síðan, má segja. Og þá var Lana Kolbrún formaður og hún tók mér alveg sérstaklega vel og stuttu seinna var hún farin að koma og halda fyrirlestra í tímum hjá mér og þetta vatt upp á sig og nemendur fóru að skrifa verkefni og lokaritgerðir um málefni

samkynhneigðra þannig að þetta þróaðist svona smátt og smátt og þá var mikilvægt fyrir okkur að hafa gott samband við Samtökin '78 og einstaklingana þar innanborðs. Síðan er ég náttúrulega að vinna á öðrum sviðum líka. Ég vinn í fötlunarfræðum líka og var líka að vinna rannsóknir með innflytjendakonum. Og sem femínisti hef ég nú aðallega beint mínum sjónum að konum. Og þegar að við hittumst, ég og nemendur sem að vorum að vinna með þessum þremur hópum kvenna þá kom í ljós að það var ægilega margt svipað sem að konurnar voru að upplifa. Og þegar við vorum að kynna verkefnin hvor fyrir annarri að þá kom mjög oft upp: Já, þetta er alveg eins og hjá lesbíunum mínum. Eða þetta er athyglisvert því að þetta er svona mjög líkt og hjá fötluðum konum. Og þannig að ég ákvað að bara skoða þetta skipulega. Hvernig þetta væri. Til dæmis birtingarform kvenleikans. Við skoðuðum, reyndum að fá svona breitt svið og skoðuðum líka atvinnu, skólamál og fjölskyldulíf. Og þannig varð þetta verkefni til sem að ég kallaði Konur í minnihlutahópum. Og partur af því varð talsvert mikil stúdía á fjölskyldulífi kvenna í þessum hópum. Og eitt verkefnið sem að óx upp úr þessu hét Lesbíur og fjölskyldulíf. Og þetta var svo á svipuðum tíma og baráttan um stjúptætleiðinguna stóð sem hæst. Og þetta var rétt eftir að FSS, Félag samkynhneigðra stúdenta var stofnað. Og það sem gerðist í þessu var að samkynhneigðir tóku bara af mér völdin við þessa rannsókn. Ungu fólkið í, ungu strákarnir, hommarnir í FSS komu til mín og sögðu: Þú bara getur ekki skilið okkur útundan. Það er ekki sanngjarnt. Við höfum líka áhuga á að lifa fjölskyldulífi og það er enginn að hugsa um okkur. Og þú getur ekki skilið okkur útundan, þú verður að taka okkur með. Og allt í einu varð þessi rannsókn sem átti að vera svona þen, lítil rannsókn um lesbíur og fjölskyldulíf, hún var orðin aðalinnleggið í þessa baráttu, því það skipti máli að hafa fræðileg rök og þekkingu á bak við það sem var verið að fara fram á við löggjafann, því að dómsmálaráðherrann á þeim tíma, hún sagði: Við vitum bara ekkert um þetta nema börn bara skaddist eitthvað á því að alast upp hjá samkynhneigðum. Þetta hefur bara ekkert verið rannsakað. Við bara vitum ekkert um þetta. Þannig að það er ekki nokkur leið að taka neinar ákvarðanir um þetta, sagði hún. Og þá bara fórum við með marga plastpoka, fulla af bókum og stuttan útdrátt úr þeim niður eftir, þessar bækur fjölluðu allar um samkynhneigða og fjölskyldulíf, sérstaklega barnauppleidi og foreldrahlutverk lesbía og homma, þannig að það voru öll slík rök slegin úr höndum ráðherrans. Því að það skorti alls ekki fræðilega þekkingu, hún var öll á einn veg. Á þann veg að kynhneigð hefur ekkert með foreldrafærni að gera. Þannig að ef fólk ætlaði að meina lesbíum og hommum að ala upp börn þá byggði það annað hvort á fáfræði um bara þá þekkingu sem lá fyrir hendi eða hreinum fordómum.

Nei, ég hittí aldrei dómsmálaráðherrann sjálf. Hún gaf mjög lítinn kost á því að koma fram opinberlega. Ég man sérstaklega eftir fundi sem var haldinn í Háskóla Íslands, í Odda, þar sem að Þorgerður Katrín, sem að þá var formaður allsherjarnefndar, ef ég man rétt, og Valgerður, hvers dóttir var hún?

*Þorvaldur: Sverrisdóttir.*

Og Valgerður Sverrisdóttir, sem var síðar, þær eru báðar orðnar ráðherrar núna, og ég man nú ekki alveg hverjir, þær voru þarna fyrir hönd alþingismanna, og síðan töluðum við þarna stuttlega Baldur Þórhallsson og ég og Hrefna Friðriksdóttir, lögfræðingur, og það var alveg ljóst að Valgerður Sverrisdóttir, hún hafði komið þarna til þess að ræða þessi mál og hún var algjörlega óviðbúin þeim aðstæðum sem hún lenti þarna í. Þarna sat stór fullur salur, stór salur, fullur af fólki sem að voru allir mjög sammála þessari baráttu og komu þarna til þess að styðja hana. Og hún hafði greinilega álitid að hún myndi hitta þarna einhvern pínulítinn, svona sérlundaðan hóp sem að hún gæti bara svona talað sig út úr. Og það kom í ljós að hún vissi eiginlega ekkert um málefni samkynhneigðra og hún varð sér eiginlega alveg til skammar þarna. Og hún viðurkenndi það þarna að hún bara vissi ekki nóg um þetta og hún yrði bara að kynna sér þetta betur, en hún sagði að sín afstaða væri sú að hún yrði að gera eins og þjóðin og þjóðin væri ekki tilbúin. Og síðan bara stuttu seinna var gerð skoðanakönnun þar sem að kom í ljós að þjóðin var alveg tilbúin, það var bara hún sem var ekki tilbúin. Og hún, ég verð að segja, henni til hróss að hún bara gerði sér lítið fyrir og skipti um skoðun og studdi frumvarpið einlæglega þegar það kom fram á þingi og gerði sitt til þess að koma því í gegnum nefndina. Það var hún sem var já, hún var formaður allsherjarnefndar. Þannig að það skipti miklu máli hver hennar afstaða var. Og það er ekki algengt að pólitíkusar séu svona tilbúnir að éta hattinn sinn eins og hún var þarna og snúa við blaðinu og hafa það sem sannara reynist og hún varð virkilega góður stuðningsmaður við það að koma þessari stjúpættleiðingu í gengum þingið.

Já. Ég var náttúrulega í hálfgerðum vandræðum þegar að ég var beðin um að taka þetta námskeið sem hét Félagsleg vandamál. En það var til og ég varð bara að ganga inn í það, eins og það var. En það var náttúrulega mjög svona þvert á eða það endurspegladi aðra sýn en ég hafði. Þannig að

Ég kom því bara til skila mjög snemma hjá þeim sem tóku námskeiðið að ég liti ekki á fötlun, samkynhneigð, fátækt eða hvað það nú var, sem félagslegt vandamál heldur þyrftum við að rannsaka hvað það væri í okkar samfélagi sem að gerði það að verkum að við skilgreindum ákveðna þætti og hluti sem félagsleg vandamál. Þannig að, og þetta spurðist mjög fljótt út hvernig, hvaða sjónarhorn ég hefði. Og síðar var þessu breytt þessu heiti á námskeiðinu, það er ekki til lengur undir þessu heiti.

Ég man ekki hvað það heitir í dag. Ég held að það kenni sig við margbreytileika og minnihlutahópa eða eitthvað svoleiðis, sko. Ég man það ekki. Alveg. En síðan var ég ráðin þarna í fast starf við skólann og fór þá að kenna í annarri deild og þá bjó ég til námskeið sem hét Margbreytileiki og minnihlutahópar. Sem endurspeglar miklu betur, svona þá nálgun sem að sem ég hef í minni kennslu um minnihlutahópa.

Ég verð að segja það að mér hefur verið alveg óskaplega vel tekið í Háskólasamfélaginu. Ég kem inn í Félagsvísindadeild með þekkingu í farteskinu sem að enginn hafði þar þá og það voru þessi minnihlutahópafræði og það var líka það sem er kallað [heyri ekki]-aðferðafræði, sem að þá hafði aldrei verið kennt við skólann í heilum námskeiðum. Og ég byrjaði, ég kenndi fyrsta námskeiðið annaðhvort '93 eða '94, og það átti bara svona að vera kennt annað hvert ár svona einstaka sinnum og það hefur verið kennt á hverju ári síðan og það eru kennd núna þrjú námskeið á ári upp frá og væri hægt að kenna fleiri námskeið, í raun og veru. Það sama á við um þessi minnihlutahópafræði, þeim hefur verið tekið mjög vel. Og ég hef lagt mikla vinnu í það að byggja upp þessi fræði, bæði kvenna- og kynjafræði og fötlunarfræði og hinseginfræði og ef að fólk er eitthvað pirrað út í þetta að þá allavega treystir það sér ekki til þess að hafa orð á því þannig að það sé opinbert eða það sé sagt við mig. Og ég hef í raun og veru, ég hef enga ástæðu til þess að ætla að fólk sé eitthvað pirrað út í þetta. Ég hef aldrei orðið vör við annað en að fólki finnist þetta mikilvægur þáttur í námi í deildinni og að fólk sé mjög fegið að það sé einhver sem sinnir þessu. Síðan hefur náttúrulega komið fleira fólk þarna inn eftir að ég fór að vinna þarna eins og það er, eins og Baldur Þórhallsson sem að er kennari í stjórnmálafræði og er mjög opinn hommi og við höfum unnið mikið saman. Ég hef líka tekið þátt í jafnréttisnefnd Háskólans og öðrum slíkum nefndum og ráðum, ráðum um málefni fatlaðra, þannig að það má segja að Háskólinn hafi nýtt sér ágætlega mína þekkingu og að ég hafi fengið að njóta mín mjög vel með

þetta innan Háskólans. Og fólk hefur aldrei reynt að setja því neinar sérstakar skorður. Og, þannig að mér finnst nú ríkjandi mikil svona víðsýni og jákvæðni í deildinni. Félagsvísindadeild þar sem að ég kenni.

Já. Sko, ég hef alltaf verið svolítið lesbía í mér, mér hefur alltaf fundist það. En ég hef aldrei praktíserað það að vera lesbía, þó mér hafi oft langað til þess. Og ég svona veit ekki alveg af hverju það er og það bögglast ekkert sérstaklega fyrir mér heldur, en ég hef alltaf lifað í þeirri trú að ég gæti alveg eins orðið lesbía einhvern daginn. Þannig að það er mjög fjarri mér öll svona homofóbía eða hræðsla eða einhver öfund út í lesbíur, síður en svo. Og mér finnst allavega að ég standi undir lesbíunafninu sem fræðileg lesbía, því ég hef, bý yfir mjög mikilli þekkingu um líf og aðstæður lesbía og miklu meiri þekkingu heldur en margar praktíserandi lesbíur. Í þeim skilningi. En já þannig að, já ég veit ekki hvað ég á að segja meira um það.

Sko. Minn lesbíudraumur hann á sér svona mjög sterkar rætur í því hvað ég er mikill femínisti og hvað ég er hrifin af konum og hef alltaf verið upptekin af konum og málefnum kvenna og því misrétti sem konur hafa búið við í gegnum tíðina. Og ég hef alltaf átt mjög mikið af vinkonum og hef alltaf haft mínar eða mjög góðar stundir með konum. Þannig að það hefur svona haft áhrif á það, held ég, að mér hefur sko langað til þess að vera lesbía. En varðandi minnihlutahópa almennt þá held ég að það stafi bara af mínum uppvexti. Ég er alin upp við erfiðar aðstæður. Ég er alin upp í, faðir minn hann var fatlaður og var öryrki, mest af mínum uppvaxtarárum, við erum sex systkinin og ég er bara alin upp í fátækt og ýmsum erfiðleikum og ég þekki það ofsalega vel hvernig það er að vera ekki svona miðlæg í samfélaginu og eiga fullt af peningum og geta leyft mér svona ýmislegt, sko, þannig að ég skil vel þessa tilfinningu að vera svona ýtt aðeins til hliðar og standa svolítið á jaðrinum og ýmsar tilfinningar sem því tengjast. Eins og það að skammast sín fyrir að eiga ekki mikið af fötum til skiptanna og annað slíkt, sko. Þannig að ég held bara að mín staðsetning í mínum uppvexti staðsetji mig með fólki sem ýtt er út á jaðarinn. Og ég held að það hafi mjög djúpstæð áhrif á mann, hvernig maður skilur sig og skynjar sína stöðu í samfélaginu. Þannig að mér líður alltaf mjög vel með minnihlutahópum. Mér líður ofsalega vel í Samtökunum '78. Og mér finnst að ég eigi heima með því fólki sem þar er. Og það skapast ákveðin líka, það skapast ákveðin samkennd í hópum sem að standa fyrir utan, það er þörf á slíkri samkennd og það er einhver ákveðinn kraftur sem er í slíkum hópum sem er mjög

merkilegur og það eru svona tilfinningatengsl og fleira, samstaða sem að er með allt öðrum hætti, til dæmis á kennarastofunni í Odda, eða í Félagi prófessora. Þannig að það er einhver svona neisti og næring og lífskraftur í minnihlutahópum sem að passar mjög vel fyrir mig og mér líður vel í og er nærandi fyrir mig, þessi svona, hvað á ég að segja? Bara tilfinningalega, finnst mér þægilegt að vera í þeim hópum og jákvætt. Og ég á heima þar. Ég finn, ég finn mig heima þar.

Í Samtökunum '78 hef ég verið boðin alveg óskaplega velkomin og fólk hefur verið, verð ég að segja, mjög hlýtt og gott við mig. En hins vegar í upphafi, þegar að ég var að byrja rannsóknir, þar sem ég stóð upp og talaði um og fyrir samkynhneigða, þá var ég mjög óörugg. Ég var mér mjög meðvituð um það að ég var ekki ein af hópnum og það gat hvaða samkynhneigð manneskja, hvaða lesbía eða hommi sem var, gat sagt við mig: Hvað er þú að vilja upp á dekk? Andskotann, veist þú um það! Þú getur ekkert sagt um það. Hver gefur þér leyfi til að tala fyrir okkur? Þannig að ég var, ég steig mjög varlega til jarðar í upphafi og áttaði mig á því að ég var að þræða mig þarna leið sem var alls ekki sjálfgefin og ég fór mjög varlega í því hvað ég sagði, hvernig ég sagði það og var skíthreidd, bara. En mínum málflutningi var mjög vel tekið og ég hef alltaf stillt mér þannig upp að ég hafi stillt mér upp með hópnum og talað svona innan úr þessum hópi en ekki um hann og utan frá eða neitt slíkt, og aldrei gert þennan aðskilnað milli mín og hópsins. Það hefur aldrei verið við og hinir: Það erum við sem erum samkynhneigð, partur af okkar reynslu er dadada. Þannig að mér varð mjög fljótt treyst og fólk í Samtökunum og lesbíur og hommar held ég að hafi fundið það að ég fór mjög varlega og reyndi að tala af einlægni og presentera þá þekkingu sem ég hafði aflað, þannig að það skilaði þeim árangri að skila einhverju áfram í mannréttindabaráttu sem ég lít á sem grundvöllinn af þessu fræðastarfi. Og það er náttúrulega líka, það er mjög lítill skilningur og þekking á lífi og aðstæðum margra minnihlutahópa á Íslandi. Og það er bara að geta skapað möguleika fyrir fólk að segja sína sögu og vera sýnileg, það skiptir miklu máli.

Fræðin eiga að vera frelsandi. Fólk í minnihlutahópum er orðið mjög gagnrýnið á fræðimenn. Sumir mjög róttækir fatlaðir einstaklingar benda á fræðimenn sem að stunda rannsóknir á fötluðu fólk, ekki með því heldur á því, og segja: Við bara kærjum okkur ekki um ykkur sem sníkjudýr á okkur. Þið eruð bara eins og hver önnur sníkjudýr. Þið komið til okkar, fáid ykkar þekkingu, aflið ykkar upplýsinga, farið og náid í ykkar doktorsgráður og verðið, fáid allan ykkar heiður út á

þekkingu sem kemur frá okkur og þið presenterið það þannig að það niðurlægir okkur og viðheldur okkar erfiðu aðstæðum, niðurlægingu og fordómum gegn okkur. Og við sættum okkur ekki við það. Þannig að við höfnum því að fræðimenn séu eins og sníkjudýr á okkur. Ef að fræðimenn vilja hafa eitthvað við okkur að tala að þá verða þeir að vinna í samstarfi við okkur og að fræðin eiga að skila einhverju til okkar líka, ekki bara nýjum gráðum eða rannsóknarstigum fyrir fræðimanninn.

Já mér finnst að ég sjái árangur af því fræðastarfi sem hefur snúið að samkynhneigðum. Ég held að baráttan fyrir fjölskylduréttindum, hún hefði ekki orðið svona auðveld án fræðanna. Ég held að fræðin hafi skipt mjög miklu máli þar. Og ég held að það hafi haft áhrif, bæði á almenning og kirkjunnar fólk og stjórnámálamenn. Íslendingar sko, við snobbum fyrir þekkingu og fræðum og þannig að það er mjög auðvelt að ná árangri ef maður hefur góð fræðileg rök á Íslandi. Það er hlustað á þessi rök. Mér finnst það. Og mér finnst þetta hafa skilað mikum árangri. Það verð ég að segja.

Já næsta lota í réttindabaráttu varðandi fjölskyldumál er frumættleiðingar og tækifrjógvun. Og ég held að tækifrjógvun, heitir þetta ekki tæknifrjógvun annars? Ég held tæknifrjógvun verði erfiðara. Og ég skil ekki alveg af hverju. Mér er það bara fyrirmunað að skilja það, vegna þess að allar rannsóknir sýna að kynhneigð hefur ekkert með foreldrafærni að gera. Börn samkynhneigðra eru alveg nákvæmlega eins og önnur börn og samkynhneigðir eru bara eins og aðrir foreldrar. Þannig að þetta eru bara leifar af gömlum fordómum að heimila ekki fullfjölskylduréttindi fyrir lesbíur og homma. Rökin gegn frumættleiðingum, frumættleiðingar eru mjög fáar á íslenskum börnum, þannig að þegar við tölum um frumættleiðingar þá erum við fyrst og fremst að tala um ættleiðingar erlendis frá. Og rökin gegn því að lesbíur og hommar fái að ættleiða börn erlendis frá eru þau að þá munu þessi lönd sem eru miklu skemmra á veg komin í réttindamálum samkynhneigðra, neita að láta Íslendinga hafa börn til ættleiðingar. En ég bendi á það að slíkar frumættleiðingar eru núna leyfðar í Svíþjóð og það hefur ekki haft nein áhrif á þau lönd sem Svíar ættleiða börn frá. Þannig að ég, þessi rök, held ég að haldi nú ekki. Og kemur í ljós að það breytir engu hjá Svíum. Varðandi tæknifrjógvunina, þá eru meðal annars þau rök að öll börn hafi rétt á að þekkja sinn föður. Og ég sé ekki að það sé neitt á móti því að það sé hægt að ganga þannig frá því að öll börn geti vitað hver þeirra faðir er, þrátt fyrir það að móðirin sé



lesbía. Það þarf bara að ganga frá þessum málum þannig að réttindi föðurins, sem gefur efnið í barnið og vill ekki vera ábyrgur fyrir uppeldi barnsins, en heimilar samt sem áður að barnið viti hver hann er. Allavega á einhverjum, ja, ég get ekki séð annað en að það sé hægt að leysa, þetta er bara í raun og veru tæknilegt að leysa þetta mál. Tæknifrjógungun er fyrst og fremst tæknileg leið fyrir konur til þess að eignast börn, sem að ekki geta eignast börn með öðrum hætti, annað hvort vegna þess að eiginmaðurinn er ófrjór eða þá að þær eru ekki nógu frjóar eða af einhverjum slíkum ástæðum. Og einhvern veginn hefur okkur algerlega tekist að leysa þetta tæknilega hjá öðrum konum. Og þetta er í raun og veru bara tæknilegar útfærslur, sem að á ekki að vera neinn vandi að vinna.

Ég veit ekki hvað ég á að segja um þetta. Ég veit það ekki. En málefni kvenna hafa alltaf átt miklu erfiðara uppdráttar heldur en málefni karla. Þannig að það er ekkert, það er enginn, það er ekkert karllegt vald og enginn karlmannlegur þungi á bak við þessa kröfu, það er bara kvenleg ósk um það að geta átt barn. Og það er ekkert karlavald sem gefur því vigt og ég get vel trúað að það hafi eitthvað að segja, því að karlmennska og völd eru mjög nátengd í okkar huga og í okkar samfélagi. Þannig að mér finnst ekki ósennilegt að það sé eitt af því sem að gerir það erfitt að lesbíur fái aðgang að tæknifrjógungun. En er ekki, fer ekki tæknifrjógungun þannig fram líka þegar að karlinn er ófrjór, þá eru notuð gjafasæði. Er það ekki þannig?

*Þorvaldur: Jú.*

Það, hver er munurinn á því?

*Þorvaldur: Nafnlaust gjafasæði.*

Já. Hver er munurinn á því og þegar að þegar móðirin eða þegar að hin móðirin hefur ekki sæði? Ég sé ekki þennan mun.

*Þorvaldur: Nei, sko rökin...*

Ég sé ekki þennan mun.

*Þorvaldur: ... hægt sé að leynd börnin því að þau séu fengin með dönsku gjafasæði ef þau eiga karl og konu að foreldrum, en ekki, spurningar hljóti að vakna.*

Ertu að segja mér það að börn séu rangfeðruð á Íslandi?

*Þorvaldur: Já já.*

Og logið að þeim að þau séu börn feðra sinna og að þetta séu danskir frostpinnar sem þau eru búin til úr?

*Þorvaldur: Já.*

Ég verð að segja það að mér finnst það alveg sko bara, hvar er þá réttur barnsins til þess að þekkja föður sinn, spyr ég?

*Þorvaldur: Já.*

Hvaða föður á barnið að þekkja? Mér finnst við vera komin út í alveg skelfilegar siðferðilegar ógöngur með þetta. Það verð ég að segja.

Jú ég verð nú aðallega pirruð þegar ég er að drepast úr sígarettureyk og næ ekki andanum.

*Þorvaldur: Já.*

Mér finnst það óþægilegt.

Ég held sko, að allir minnihlutahópar eigi það sameignlegt, ákveðna svona tilfinningalega erfiðleika, vegna þess að maður þarf að takast á við það að vera ekki eins og maður á að vera, eða vera ekki eins góður og maður á að vera, eða vera ekki með réttan húðlit og annað slíkt. Ég held að það sé mjög vanmetinn þáttur í fræðastarfinu. Það er þetta tilfinningalega álag sem að

skapar bara erfiðleika í lífi fólks og ákveðna tegund af minnimáttarkennd sem að fólk þarf að takast á við, eða margir allavega. Og við höfum ekki skoðað mjög mikið í fræðunum. Þá á ég ekki bara við á Íslandi heldur bara almennt. Minnihlutahópar hafa verið mjög uppteknir af því af þessi fræði, að benda á fordóma umhverfisins og hindranir í samfélaginu fyrir fullum mannréttindum, fullri þátttöku og öðru slíku, virðingu og slíku. En við höfum svona forðast það að skoða inn á við, hvað það er sem við þurfum að takast á við og vinna með til þess að geta verið stolt af okkur eins og við erum. Og ég held að það sé eitthvað sem fólk bögglast dálítið með, margir. Og sem sé kannski oft erfitt að ná sér almennilega upp úr og að það sé svona stutt í það að fólk verði óöruggt og hrætt og dragi sig í hlé eða eitthvað slíkt og þess vegna held ég að við höfum ekki áttað okkur alltaf á því hvað forystufólk í minnihlutahópum, til dæmis forystufólk í Samtökunum '78, hvað hefur kostað mikið átak og álag að standa í þessari forystu, stolt og keik og segja: Við erum víst frábær og flott og fín og eigum fullan rétt. Því að ég er alveg viss um það að forystufólkið hefur líka þurft að berjast við þessa, ég veit ekki hvort það er minnimáttarkennd, eða þessa vanmetakennd sem að maður ræður í samfélaginu þegar maður elst upp, alveg án þess að maður ætli sér það, ef maður er ekki eins og maður á að vera eða eins og samfélagið vill að maður sé. Ég held að það væri eitthvað slíkt sem að væri fróðlegt að skoða. En ég held að fólk þurfi, og hreyfingar þurfi mikinn þroska til að takast á við svona innri mál. Og við höfum verið svo upptekin af því að vera sterk og baráttuglöð að við höfum ekki litið neitt ægilega mikið í eigin barm.

Já, ég held að það séu mjög margir samverkandi þættir sem valda því að þessar breytingar og þessi mannréttindabarátta hér gerist svona hratt, á svona fimmtán, tuttugu árum, á meðan þetta tók miklu lengri tíma erlendis. Og er ekki komin nærri því eins langt og hér víða um heim. Sko, ég hef nú einhvers staðar safnað þessu mjög skipulega saman, þannig að ég veit nú ekki hvort ég man alla þessa þætti, að segja frá því núna. En eitt er það að '68 kynslóðin, hún kemst svona í valdastöðu á ýmsum stöðum, til dæmis í Alþingi og í borgarstjórnnum og verða háskólakennarar og fer að skrifa bækur og gefa þær út og eru bókaútgefendur og eru inni á blöðunum. Ég held að '68 kynslóðin, sem að um umbylti viðhorfum, þjóðfélagsviðhorfum, ég held að hún hafi átt mjög stóran þátt í þessu. Og hún hefur verið greinilega bara öflug á Íslandi. Og Ísland er lítið land, það er auðvelt að koma áleiðis rökum, upplýsingum, þekkingu. Það er stutt í pólitíkusana, það er stutt á milli venjulegs fólks og alþingismanna, þannig að það er auðvelt að koma hlutum á framfæri.

Ef að eitthvað kemur í kvöldfréttunum þá veit 80% af þjóðinni það. Það er mjög auðvelt að koma upplýsingum áleiðis, við erum svona upplýst þjóð og við erum svona tiltölulega samstillt, það eru ekki hér ægilegir flokkadrættir á milli fólks, það er ekki hérna, við höfum ekki staðið í þrælastríði við fólk af öðrum uppruna en við og annað, þannig að við erum svona í alþjóðlegum samanburði, alþjóðlegum samanburði erum við svona vel menntuð og upplýst þjóð. Síðan hafa Samtökin borið þá gæfu að eiga leiðtoga sem hafa átt mjög auðvelt með að orða kröfur og baráttu hópsins og það hefur náð til fólks. Ég man eftir því þegar Lana Kolbrún var einhvern tíma í viðtali í útvarpinu, fljótlega eftir að ég kom til landsins aftur eftir nám í Bandaríkjunum, það hefur verið svona '93, hún var ofsalega skemmtileg, hún kom sínum málum mjög vel til skila og það var mjög auðvelt að láta sér líka ægilega vel við þessa konu, hún var skemmtileg, klár og kom sínum málum mjög vel frá sér. Og hún var að tala um samkynhneigða. Það var einhver frétt í útvarpinu um það, sem byggðist á því einhverri rannsókn erlendis, sem að talaði um það að samkynhneigð væri arfgeng og gengi í ættir og hún talaði mjög skemmtilega um þetta. Og þetta er bara ein svona lítil mynd sem ég man eftir frá þessum tíma. Þannig að ég held að það líka að fjölmiðlar hafi verið opnir, það hafa birst mikið af viðtölum við lesbíur og homma í ýmsum svona, glanstímaritum sem að bara þjóðin les og síðan var þarna afgerandi, má ég segja, átök við sértrúarhópana á Íslandi, sem eru litlir og frekar veikburða miðað við ýmiss, önnur lönd og Margrét Pála Ólafsdóttir, hún tók þann slag og stóð í honum um tíma og hún bara vann slaginn við Gunnar í Krossinum. Hún bara tók hann á rökum, hún bara hafði betur og fólki bara ofbauð hans málflutningur. Þjóðin bara varð að taka afstöðu, þau tókust á mjög opinberlega, víða á fundum hér og þar, og Margrét Pála, hún var bæði skemmtilegri og rökfastari heldur en Gunnar í Krossinum. Hún bara vann þess orrahríð. Og þjóðin bara felst á hennar rök og hafnaði hans. Og sértrúarhóparnir hafa ekki náð sér á strik síðan. Og ég held að þeir hafi metið það þannig og meti það þannig í dag, að það þýði ekki fyrir þá að ætla að vera með mjög opinbera orðræðu gegn samkynhneigðum því það muni skaða þá mest sjálfa, því þjóðin muni snúast gegn þessu. Þessu ofstækisfulla hatri þeirra á samkynhneigð og samkynhneigðum. Þannig að ég held að þetta hafi verið svona ýmislegt sem að gerði það að verkum að þetta gekk hratt hér. Það var eina, öfluga andstaðan voru þessir sértrúarhópar og þeir voru litlir og það voru sterkir leiðtogar frá Samtökunum sem bara stóðu sig mjög vel í þeirri orrahríð.

Íslenskar fjölskyldur hafa mjög mikla tilhneigingu til þess að standa með sínum. Fjölskyldan er sterk, það eru svona meiri, það eru meiri tengsl á milli fjölskyldufólks á Íslandi heldur en víða annars staðar og íslenskar fjölskyldur eru svona frekar sveigjanlegar varðandi ýmislegt sem að þykir ekki þar fínt í öðrum löndum, til dæmis allar þessar einstæðu mæður. Það er ekkert mál á Íslandi, í fjölskyldum. Og ég held að íslenskar fjölskyldur hafi svona almennt talað tilhneigingu til þess að standa með sínu fólki. Þó svo að mér sé fullkunnugt um það að lesbíur og hommar á Íslandi hafa upplifað það eins og í öðrum löndum, að vera útskúfað af sínum, úr sínum fjölskyldum, þá held ég að hitt sé mikið algengara. Þannig að ég held að það hafi skipt máli líka. Og það sem er svo athyglisvert til dæmis við Gay Pride á Íslandi, er það að Gay Pride er mikil fjölskylduhátíð og mér er það alveg ógleymanlegt þegar rigningin mikla varð, 2003 er það ekki? Og það hafði alltaf verið sól og blíða á Gay Pride, og þarna koma íslenskar fjölskyldur og fengu sér ís og spókuðu sig í góða veðrinu og gerðu sér gaman að þessari skrautlegu göngu og fjörlegu og hérna, dragdrottningunum og tjullinu og öllu saman, leðurgæjanum og þetta var allt jafn fyndið og skemmtilegt og svo strolaði fullt af fólki með sem var ekkert, sko með nein númer í göngunni og ég hef alltaf litið svo á að þarna væru íslenskar fjölskyldur að koma til þess að styðja sitt fólk. Síðan kom rigningin mikla og ég hafði svolitlar áhyggjur af því, kannski að fólk kæmi svona líka bara af því að það var gott veður og dragdrottningarnar flottar og eitthvað, sko og þetta var svona skemmtun, en þegar rigningin mikla kom þá kom, fólk kom samt. Það var alveg ljóst að fólk kom ekki bara til, fólk kom af einhverri dýpri þörf heldur en til þess að bara góna á dragdrottningar og fá sér ís. Þarna voru niðurringt fjölskyldufólk, gagnkynhneigt, sem marseraði þarna af miklum móð. Og ég held sjaldan orðið eins bara hrærð yfir þessum stuðningi og stolt af minni þjóð. Ég verð að segja það. Og mér er ógleymanlegt þegar að við Þorvaldur Kristinsson vorum að undirbúa það að reyna að selja fána í þessari miklu rigningu og vorum að bíða eftir því að gangan færi af stað og við stóðum undir einhverju svona yfirhengi efst á Laugaveginum og með okkur stóð kona, sem að við þekktum hvorugt og ég veit ekki til að hún hafi þekkt okkur, þetta var kona sem var svona ábyggilega komin nálægt sjötugu, hún var ein þarna og þá voru ekki margir komnir til þess að fylgjast með göngunni eða vera í henni og hún horfði á okkur, svona vongóð og sagði: Ég held að þetta verði nú bara allt í lagi. Ég hugsa að fólk komi. Og mér fannst þetta alveg ógleymanlegt, þessi stuðningur sem þessi kona, hún kom þarna ein í rigningunni, í sínum frakka, ofsalega straight frænka eða amma einhvers líklega og með veskið sitt undir hendinni og hafði áhyggjur af því að hinir kæmu ekki líka. En eins og hún

vonaði þá komu þeir líka. Og ég varð bara mjög hræð og ánægð með þá þátttöku. Mér fannst það skipta meira máli heldur en þegar góðviðrið kallaði alla niður í bæ.

*Þorvaldur: Við stöndum skjálfandi þarna*

Maður var hálfdaður úr kulda.

*Þorvaldur: Já. Brækurnar rigndu af Páli Óskari, hann var orðinn brókarlaus fyrir rest.*

Svo var Páll og hún þarna Keikó, eða hvað hún heitir. Hvað heitir hún?

*Þorvaldur: Já, eða næstum því! Kókó.*

Kókó.

*Þorvaldur: Keikó.*

Með þessar ofboðslegu, hérna, hárkollu að það hafði aldrei sést annað eins og þetta þoldi ekki alla þessa rigningu, þetta blotnaði þá bara, þetta var alveg ótrúlegt, alveg ótrúlegt! En þegar þessi gamla kona kom þarna, mikið óskaplega fannst mér það merkilegt.